



TENGLANET UM UPPLÝSINGA-  
OG MIÐLALÆSI

## #3 Fréttir og falsfréttir

Fræðslumyndband (6:45 mín)

Stutt og hnitmiðuð fræðslumyndbönd eru frábær til að kveikja gagnrýna hugsun og umræður!

Fræðslumyndbandið **Fréttir og falsfréttir** (6:45 mín) inniheldur upplýsingar úr viðtækri [rannsókn Fjölmíðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands](#) meðal barna og ungmenna á aldrinum 9 - 18 ára vorið 2021. Þriðjungur nemenda á unglingastig finnst erfitt að vita hvaða fréttum þau geti treyst á samfélagsmiðlum. Við ræðum við Karitas M. Bjarkadóttur ritstjóra Krakkafrétta á RÚV um fréttir og falsfréttir. Af hverju eru fréttir mikilvægar og hvað er hægt að gera þegar að maður efast um sannleiksgildi upplýsinga? Þá fáum við einnig að heyra upplifun ungmenna úr Ungmennaráðum Samfés og Samtakanna '78.

**Fréttir og falsfréttir** er megin umræðuefnið, af hverju fréttir eru mikilvægar, hvar við fáum fréttir og hvernig við getum fundið út úr því hvort frétt sé rétt eða ekki. Til að vekja athygli nemenda á þessu er gott að **vinna með tilbúnaðar fréttir** með nemendum og biðja þau að veita ákveðnum atriðum eftirtekt. Stuðningsefnið er einkum hugsað fyrir miðstig en ef ekki hefur verið farið í efnið með eldri nemendum er sjálfsgagt að gera það.

### Undirbúningur

#### Skref 1

#### Kynntu þér efni fræðslumyndbandsins

Skoðaðu þá staði í myndbandinu sem þú telur mikilvægt að staldra við (pause) og ræða frekar við nemendur.

### Með nemendum fyrir áhorf

#### Skref 2

#### Lykilspurning: Hvað er mikilvægast að skoða í frétt á netinu?

[Lesum í fréttir á netinu](#) - fræðslupakki í skyggjukynningu.

#### Skref 3

#### Verkefni - að átta sig á uppbyggingu fréttar:

Kennari finnur nokkrar fréttir á íslensku á netinu, prentar þær út fyrir nemendur til að vinna með í paravinnu. Prentar einnig út [vinnublað](#) (bls. 2) Nemendum leiðbeint að setja inn merki á fréttasiðuna. Skæri og límstifti. Þörin skila verkefninu með því að taka af því ljósmynd, varpa henni upp á skjá svo allir sjái og parið útskýrir myndina. Áhorfendur taki þátt í að meta og ræða niðurstöðuna.

#### Skref 4

[Samstæðuspil](#) - frekari vinna með hugtökin úr verkefninu hér að ofan.

Undirbúningur kennara: Ljósritið samstæðuspilið á harðan pappír og plastið.

Nemendur vinna í 2-4 saman að því að para saman samstæður.

Skref 5:  
Sýning á myndbandinu  
**Fréttir og falsfréttir**  
(6:45 mín)

**Með nemendum eftir áhorf**

**Skref 6**

**Samræður tengdar efni fræðslumyndbandsins** - meginpunkta má draga fram með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rökhusun meðal nemenda um fréttir og falsfréttir.

- Eru fréttir mikilvægar? Af hverju?
- Fyrir hverja eru fréttir?
- Skoðið þið fréttir?
- Hvar skoðið þið fréttir?
- Hvernig finnst ykkur að lesa/horfa/eða hlusta á fréttir, (finnst þér það erfitt eða auðvelt)?
- Af hverju lesið þið/hlustið/eða horfið þið á fréttir?
- Treystið þið því sem er í fréttum, og ef ekki þá af hverju?
- Hafið þið séð frétt sem ykkur fannst ótrúleg eða ótrúverðug?
- Hvað getið þið gert þegar þið sjáið fréttir sem þið treystið ekki?
- Hvernig finnst ykkur að fréttir ættu að vera? Hvað er það sem ykkur finnst áhugavert í fréttum?
- Hvað með fréttir sem höfða kannski ekki endilega til barna og unglinga, hvernig er unnt að koma þeim að?
- Er traust mikilvægt í fréttum og af hverju?
- Hvernig fréttir höfða mest til ykkar?
- Hvar leitið þið að heimildum sem eru áreiðanlegar?
- Er nóg að treysta vini sínum fyrir heimildum? Hvar haldið þið að vinir ykkar fái heimildir?

Skref 7:

**Upprifjun** - Umræða dregin saman með því að fara yfir punktana sem skráðir hafa verið og spyrja að lokum hvort þau vilji bæta einhverju við.

**Skref 8**

[Finnum öruggar fréttir](#) - fræðslupakki í skyggukynningu.

**Lykilspurning:** Hvernig finnum við áreiðanlegar upplýsingar á netinu?

[Fylgiskjöl](#) með fræðslupakka, dæmi um fréttir.

[Vinnublöð](#) með fréttum.

Ítarefni í skrefi 9.

**Gagnrýnar spurningar þegar við rekumst á frétt:**

1. Hvaðan kemur fréttin?
2. Hver er að segja hana?
3. Hver er tilgangurinn með fréttinni?

*Karitas M. Bjarkadóttir*

## Fleiri verkefni sem tengjast efni myndbandsins

**Skref 9** | **Miðlalæsi** [Stoppa - Hugsa - Athuga](#) Leiðbeiningar um það hvernig megi þekkja falsfréttir. Hægt er að taka falsfrétt og fara samhliða í gegnum leiðbeiningarnar.

**Skref 10** | [Falskar fréttir](#) Fleiri kennsluhugmyndir.

# Falsfréttir

Hugtakið falsfrétt er nokkuð umdeilt og vísbendingar benda til þess að einstaklingar skilji hugtakið á mjög ólíka vegu, eins og sjá má í [kosningarannsókn Fjölmiðlanefndar frá árinu 2021](#).

Í fræðilegri umræðu um falsfréttir er gjarnan átt við þrjá mismunandi hluti .

1. Falsfréttir sem falskt eða misvísandi efni sem náð hefur dreifingu.
2. Falsfréttir sem grín eða satíra (T.d. the Daily Show).
3. Falsfréttir sem hugtak sem notað er til að rýja túverðugleika fréttu eða fréttamiðla.

# Upplýsingaóreiða

**Falsupplýsingar**

**Misupplýsingar**

**Meinupplýsingar**

Upplýsingaóreiða er þýðing á enska hugtakinu information disorder sem lagt var fram í skýrslu Evrópuráðsins frá árinu 2017 . Þegar talað er um upplýsingaóreiðu er gjarnan átt við þrjá flokka af upplýsingum:

**1. Falsupplýsingar:** rangar eða ósannar upplýsingar sem dreift er með þeim ásetningi að valda skaða (dis-information).

**2. Misupplýsingar:** rangar eða ósannar upplýsingar sem dreift er án ásetnings um að valda skaða (mis-information).

**3. Meinupplýsingar:** réttar eða sannar upplýsingar sem dreift er með þeim ásetningi að valda skaða (mal-information).

## Skref 11

### Tölulegar staðreyndir sem koma fram í myndbandinu - upplagðir punktar í samræður:

Þriðjungur nemenda á unglíngastigi finnst erfitt að vita hvaða fréttum þau geti treyst á samfélagsmiðlum.

*Hvernig er best að þekkja fréttir sem hægt er að treysta frá falsfréttum?*

Flest börn á mið- og unglíngastigi segjast nota sjónvarp til að nálgast fréttir

*Hvers vegna ætli það sé?*

Rúmlega helmingur nemenda á unglíngastigi segist hafa séð falsfrétt

*Getið þið nefnt dæmi um falsfrétt?*

Flest þeirra eða 67% gerðu ekkert þegar að þau sáu frétt sem þau töldu vera falsfrétt en 25% leituðu upplýsinga um efnið á netinu.

*Af hverju ætli þau hafi ekkert gert í því? Hvað er hægt að gera?*

58% sögðust hafa séð falsfréttina á samfélagsmiðlum, 29% á vefsíðu og 21% á YouTube.

*Af hverju ætli falsfréttir séu algengastar á samfélagsmiðlum?*

## Ítarefni

[Vefsíður](#) - mismunandi flokkar

